

TRÖH3SP05

Búið til: Thu, 13 Feb 2020 14:01:56 GMT

Titill

Tröllin heim

Skammstöfun

TRÖH3SP05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Tröllin heim

Viðfangsefni

sköpun, þjóðfræði og menning

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum "Tröllin heim" er lögð áhersla á samþættingu ólíkra námsgreina eins og íslensku, þjóðfræði og sköpunar. Um er að ræða þverfaglegan áfanga sem ætlað er að efla læsi, gagnrýna og skapandi hugsun sem höfð skal að leiðarljósi í öllu námi. Áfanginn miðar að því að virkja sköpunarkraft nemenda og gera þá óhrædda við að prófa, framkvæma og þróa hugmyndir sínar án þess að hræðast útkomuna. Áhersla er lögð á tilraunavinnu þar sem nemendur vinna í og með ólík efni og miðla. Nemendur gera tilraunir með margvíslegan óhefðbundinn efnivið þar sem þeir leitast við að finna óvæntar og skapandi leiðir til úrlausnar. Í áfanganum eiga nemendur að sýna frumkvæði og skapandi nálgun í verkefnum sínum og beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verka sinna.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Fjölbreyttum orðaforða til að geta tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í tengslum við umfjöllun um mismunandi viðfangsefni
- Mismunandi tegundum læsis og mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- Mismunandi samfélagslegum og menningarlegum aðstæðum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Tjá sig á skýran, gagnrýnn og skapandi hátt um þá þekkingu sem þeir öðlast í áfanganum
- Sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við útfærslu sjálfstæðs lokaverkefnis
- Taka ábyrgan þátt í samræðum um samfélagslegar og menningarlegar aðstæður er koma fram í kvikmyndum, myndlist og bókmenntum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Efla læsi, gagnrýna og skapandi hugsun gegnum bókmenntir, kvikmyndir og aðrar listgreinar
- Beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta og myndefnis
- Draga ályktanir út frá efninu og setja fram eigin hugmyndir, skriflega og verklega

- Átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum úr texta og myndefni

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum

Skólar**Fyrirmynd**